

# ÁRSSKÝRSLA



Gunnarsstofnunar

2013



Skriðuklaustur  
Menningarsetur & sögustaður

# Efnisyfirlit

Ágrip	1
Almennt um starfsemina	2
Stærri sýningar	3
„Krossferli að fylgja þínum“ – í stásstofu	3
– 17. mars - 28. apríl	3
Undir Klausturhæð – 1. maí - 31. október	3
Gallerí Klaustur	4
Sýnendur í gallerí Klaustri 2013	4
Aðrir viðburðir	5
Tónleikar	6
Ýmsir viðburðir	6
Norræn ráðstefna bókmenntasafna	7
Samstarfsverkefni	8
Stefna Gunnarsstofnunar 2013-2022	8
Framtíðarsýn og meginatriði stefnu	9
Hlutverk Gunnarsstofnunar er:	9
Meginstefnumið Gunnarsstofnunar næstu tíu árin eru þessi:	9
Útgáfa og upplýsingagjöf	10
Útgáfa	10
Heimasíða	10
Almenn kynning	10
Höfundarréttarmál	11
Rússneska ævintýrið	11
Rússnesk þýðing og útgefandi	12
Sýningarhluti verkefnisins	12
Opnun sýningar og kynning útgáfu	12
Fjármögnun	13
Ferðalagið	14
Prentgögn vegna verkefnisins	14
Upplestur í desember	15
Niðurstaðan	15
Þjónustusamningar	15
Gestaíbúðin Klaustrið	16
Gestir Klaustursins og gestaherbergja 2013	16
Lóðarframkvæmdir, endurbætur og viðhald	16
Heimildasafn Gunnars Gunnarssonar	17
Skriðuklaustursrannsóknir	17
Menningarsjóður Gunnarsstofnunar	18
Félagsaðild Gunnarsstofnunar o.fl.	19
Erlend samskipti	19
Hugleiðing forstöðumanns	20

# Ágrip

Árið 2013 var fjórtánda árið sem Gunnarshús á Skriðuklaustri er opið sem menningar- og fræðasetur undir merkjum Gunnarsstofnunar. Starfsemi á Skriðuklaustri var með hefðbundnu sniði en gestir urðu fleiri en árin á undan. Gott veður á Austurlandi allt sumarið skilaði fleiri íslenskum ferðamönnum á staðinn og auknum tekjum. Gera má ráð fyrir að um 30 þús. manns hafi lagt leið sína í Skriðuklaustur og um þriðjungur þeirra hafi greitt aðgang. Flestir gestir skoðuðu einnig fornleifasvæðið og nutu þess að dvelja á staðnum í góðu atlæti og njóta góðra veitinga. Þar sem engin sérstök framlög fengust til viðhalds og endurbóta var aðeins farið í brýnasta viðhald. Óvænt verkefni sem ekki hafði verið gert ráð fyrir kom til vegna höfundarréttar Gunnars. Ákveðið var að ráðast í útgáfu á Aðventu á rússnesku í samvinnu við bókaforlag í Moskvu og halda sýningu á ljósmyndum Sigurjóns Péturssonar af söguslóðum Aðventu í góðu gallerí í miðborg Moskvu í september um leið og útgáfan var kynnt. Þetta verkefni tókst með eindæmum vel og tókst að afla lítilsháttar styrkja til þess svo að það hafði ekki eins mikil áhrif á reksturinn og ella hefði orðið. Aðventa var síðan lesin í Moskvu, Berlín, Reykjavík og á Skriðuklaustri líkt og vanalega í desember.

Sýningar á Skriðuklaustri voru: Páskasýning með handverki og sjö sýningar í gallerí Klaustri auk sumarsýningar í stásstofu sem var hin sama og árið á undan. Nokkrir viðburðir, s.s. fyrirlestrar, voru yfir árið og Fljótsdalsdagur í lok ágúst með hefðbundnu sniði, tónleikum, leikjum og guðsþjónustu. Dvalargestir Klaustursins árið 2013 voru 15 talsins með íhlaupagestum. Ekki var full nýting á íbúðinni þar sem gestir forfölluðust óvenjumikið og ekki náðist að fylla í skörðin. Stjórn og forstöðumaður unnu allt árið að stefnumótun fyrir Gunnarsstofnun 2013-2022. Lokadrög voru send til fleiri aðila og tekið við ábendingum. Á síðasta fundi ársins, 11. desember, var stefnan afgreidd og undirrituð. Árið 2013 náðist einnig sá áfangi að stofnaður var Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar með framlagi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti upp á 43 m.kr., sem voru tilkomnar vegna fallbóta af vatnsréttindum Skriðuklausturs við Jökulsá á Dal. Sjóðurinn fékk sérstaka skipulagsskrá og er sjálfstæður en stjórn Gunnarsstofnunar og mennta- og menningarmálaráðuneyti tilnefna í sjóðsstjórnina. Gert er ráð fyrir því að í framtíðinni geti þessi sjóður orðið ákveðinn bakhjarl fyrir starfsemi Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri.

Sumarstarfsmenn voru þrír og skiluðu þeir ásamt forstöðumanni alls um 23 mannmánuðum:

**Skúli Björn Gunnarsson** forstöðumaður í fullu starfi með starfsstöð á Skriðuklaustri.

**Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir** vann rúma fimm mánuði við gestamóttöku, stjórnun og ýmis sérverkefni.

**Egill Gunnarsson** vann rúma tvo mánuði við gestamóttöku og umhirðu.

**Hrafnkatla Eiríksdóttir** vann tæpa þrjá mánuði við gestamóttöku og umhirðu.

Stjórn Gunnarsstofnunar hélt fjóra fundi á árinu: 5. apríl, 17. maí, 26. ágúst og 11. desember. Í stjórninni sitja:

**Gunnar Björn Gunnarsson** kjörinn formaður, tilnefndur af menntamálaráðuneyti

Varamaður hans: **Gunnar Martin Úlfsson**.

**Margrét Jónsdóttir** tilnefnd af Háskóla Íslands

Varamaður hennar: **Hjalti Hugason**.

**Sigríður Sigmundsdóttir** kjörinn varaformaður, tilnefnd af Þróunarfélagi Austurlands (nú Austurbrú)

Varamaður hennar: **Hafliði H. Hafliðason**.


**Davíð Stefánsson** tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands

Varamaður hans: **Oddný Eir Ævarsdóttir**.

**Vésteinn Ólason** tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Varamaður hans: **Svanhildur Óskarsdóttir**.

Líkt og árið á undan var reynt að gæta ítrasta aðhalds í rekstri með það að markmiði að ná að nýju jákvæðum höfuðstól. Það tókst þó ekki þar sem ekki skiluðu sér öll opinber framlög sem rekstraráætlun gerði ráð fyrir og ráðast þurfti í ófyrirséð verkefni. Framlag til stofnunarinnar á fjárlögum stóð í stað á milli ára og nam rekstrarframlag ríkisins 17,8 m.kr. Aðrar tekjur teljast sértekjur og námu 13,5 m.kr. Í árslok var skrifað undir nýjan fjögurra ára samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið með 18,2 m.kr. framlagi fyrir árið 2014.



Frá páskasýningu Jóns Geirs Ágústssonar.



Stjórnarformaðurinn á sýningunni í Moskvu.



Margir lögðu leið sína á minjasvæðið.

## Almennt um starfsemina

Starfsemi Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri árið 2013 var með líku sniði og síðustu ár. Eitt var þó öðruvísi en áður, engir fornleifafræðingar komu á svæðið til rannsókna enda minjasvæðið fullfrágengið. Sýningum og viðburðum fækkaði áfram vegna niðurskurðar en áhersla var lögð á að halda vel utan um fasta viðburði sem orðin er hefð fyrir og tókst að fá góða aðsókn á þá.

Gestir yfir sumarmánuðina voru töluvert fleiri en síðustu ár. Áætlað er að gestir staðarins hafi þó verið hátt í 30.000 og fjölgaði bæði innlendum og erlendum ferðamönnum milli ára. Gjaldskrá var breytt árið 2010 sem þýðir að fullt gjald fyrir fullorðna, þ.e. 17 ára og eldri er 700 kr. Yngri en það fá frítt og öryrkjar og aldraðir greiða 350 kr. Afsláttur hópa eykst samfara fjölda. Vegna reynslu af áhuga fyrir leiðsögn um minjasvæðið var ákveðið að bjóða aðeins hópum upp á slíka leiðsögn gegn þóknun. Að öðru leyti fara gestir um það svæði sjálfir og lesa sér til á upplýsingaskiltum.

Opið var níu daga um helgar og páska á tímabilinu febrúar til maí. Jafnframt var opið á miðvikudögum í apríl fyrir hópa sem koma með Norrænu og kaupa bæði leiðsögn og hádegisverð. Aðsókn að vori var betri en árið á undan. Sumaropnun hófst 1. maí að venju og til 15. september var opið alla daga vikunnar. Fyrstu fjórar vikurnar og síðustu þrjár var opnunartíminn styttri, frá kl. 12-17 en yfir sumarið, júní-ágúst, kl. 10-18. Frá 16. sept og til ársloka var samtals opið í 14 daga kringum fasta viðburði og Norrænuhópa. Alls var opið á Skriðuklaustri um 160 daga af árinu auk þess sem opnað var vegna viðburða eða heimsókna utan hefðbundinnar opunar nokkra daga, s.s. á lomberkvöldum.

Sumarstarfsmenn í gestamóttöku voru þrír og skiptu með sér vöktum ásamt forstöðumanni sem einnig stóð vaktir að hluta. Starfsmenn gengu í ýmis verk utan þess að taka á móti gestum. Má þar nefna garðvinnu í kringum húsið svo sem slátt, umhirðu blómabeða, vökvun og slátt á þaki og öll þrif innandyrna. Sá fyrsti byrjaði í maí og hinir um mánaðamótin maí júní. Tveir hættu um 20. ágúst en sá þriðji hélt áfram út september og tók einnig nokkrar vaktir í október. Líkt og árið á undan var fenginn verktaki til að slá flatir við Gunnarshús og stærra svæði yfir aðalsprettutímamann.

Þetta var fjórtánda sumarið sem Skriðuklaustur er opið fyrir gesti og staðurinn orðinn vel þokkaður, bæði sem ferðamannastaður og einnig sem staður til að heimsækja af sérstöku tilefni. Veitingastaðurinn Klausturkaffi hefur skapað sér sérstöðu og dregur ekki síður að gesti heldur en húsið, fornleifarnar og menningarstarfsemin. Töluvert er um að hópar og félagasamtök skipuleggi ferðir sínar þannig að þeir fái fyrirlestur um Gunnar og Skriðuklaustur og njóti svo veitinga hjá Klausturkaffi. Einnig færir í vöxt að hópar heimsæki bæði Gunnarshús og Snæfellsstofu.

Klausturreglan var stofnuð 2001 fyrir fastagesti og aðra sem vilja styðja við starfsemi Gunnarsstofnunar. Fjöldi reglufélaga hélst óbreyttur á árinu þó að nokkrir nýir hafi bæst við í stað þeirra sem sögðu sig úr henni. Til hennar teljast nú tæplega 120 manns sem greiða fyrir almennan aðgang með árgjaldi (3.000 kr. fyrir parið) og fá 50% afslátt á viðburði á vegum stofnunarinnar, 10% af bókum og minjagripum ásamt 10% afslætti hjá Klausturkaffi.

## Stærri sýningar

„Krossferli að fylgja þínum“ – í stásstofu  
– 17. mars - 28. apríl

Páskasýning ársins voru krossar Jóns Geirs Ágústssonar á Akureyri. Krossar hans hafa vakið verðskuldaða athygli enda fagurlega útskornir og með ýmsu móti, unnir í bæði við og sandstein úr Hólabyrðu. Sýning Jóns Geirs var sett upp í stásstofunni og nutu sín vel þau 25 verk sem hann sýndi. Enda mæltist sýningin vel fyrir og rúmlega 300 heimamenn sóttu hana auk Norrænuhópa.



Frá sýningunni *Krossferli að fylgja þínum*.

Undir Klausturhæð – 1. maí - 31. október

Meginsýning sumarsins var hin sama og sett var upp sumarið 2013, helguð klaustrinu og rannsókn þess. Að henni stóðu Gunnarsstofnun og Skriðuklaustursrannsóknir í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Sýningin var upphaflega unnin af forstöðumanni í samstarfi við Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðing, Völu Gunnarsdóttur fornleifafræðing og Ingunni Þráinsdóttur grafískan hönnuð. Bæði stásstofa og Franziscuherbergi voru lögð undir sýninguna. Skipt var um gripi frá Þjóðminjasafninu og að þessu sinni sýndir fáir en velvaldir gripir sem búið var um í Franziscuherbergi. Að öðru leyti var sýningin óbreytt, utan þess að við hana bættist nú handrit Margrétarsögu.

Sýningin mæltist vel fyrir sem áður og vakti áhuga fólks á öllum aldri, ekki síst Íslendinga sem fjölmenntu í Klaustur þetta sumarið í góða veðrinu. Starfsfólk veitti leiðsögn um sýninguna og sagði frá klaustrinu og rannsókninni.



Frá sýningunni *Undir Klausturhæð*.



Margrétar saga á sýningu á Klaustri.

Handritin alla leið heim –  
Margrétar saga – 18. maí - 31. október

Í tilefni 300 ára frá fæðingu Árna Magnússonar handritasafnara efndi Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til sýningarhalds á sex stöðum um landið. Valin voru sex handrit og búnar til eftirgerðir af þeim sem síðan voru sýndar á völdum stöðum eins nærri þeim stað sem Árni fékk þær frá og kostur var. Handrit Margrétar sögu AM 433 a 12mo var sent til Árna frá Skriðuklaustri þegar Bessi Guðmundsson var þar sýslumaður á 18. öld. Því má segja að það handrit hafi komist alla leið heim, hvort sem það var nú skrifað á Skriðuklaustri eður ei. Sýningarstandur fylgdi með handritinu og var það afhent til sýningar með formlegum hætti. Fengnir voru sex þjóðþekktir einstaklingar til að vera „fóstrur“ handritanna og kom það í hlut Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrum forseta lýðveldisins, að fylgja Margrétar sögu í Skriðuklaustur á fæðingardegnum Gunnars Gunnarssonar, 18. maí.



Kristín Rut sýndi 50 litríka regndropa.



Alexandra Vassilikian sýndi svarthvítar ljósmyndir.

## Gallerí Klaustur gallerí KLAUSTUR

Sýningar í gallerí Klaustri voru sjö þetta árið. Þær voru að venju fjölbreyttar og bæði listamenn sem dvöldu í gestaíbúðinni sem og starfandi listamenn á Austurlandi sýndu verk sín. Þetta litla sýningarrými sannaði ágæti sitt enn eitt árið með sýningum sem vöktu athygli og færðu gestum örlitla innsýn í ýmsar listgreinar.

### Sýnendur í gallerí Klaustri 2013

**Sigurður Ingólfsson** (pennateikningar) *Ég þakka* 17. mars - 28. apríl  
Ljóðskáldið Sigurður Ingólfsson sem býr á Egilsstöðum sýndi teikningar og ljóð úr bók sinni *Ég þakka* sem kom út sama dag og sýningin var opnuð.

**Joan Perlman** (gouache á Yupo) *Rivers to the sea* 18. maí - 1. júní  
Bandaríska listakonan Joan Perlman sýndi myndir unnar með gouache á Yupo úr stærra myndverki sem hún nefnir *Sanctuary*. Innblástur í verk sín sækir Joan í íslenskar jökulár og hefur hún unnið með árnar síðustu tíu árin bæði í vídeóverkum og málverkum.

**Kristín Rut Eyjólfsdóttir** (málverk) *50 litríkir regndropar* 2. júní - 19. júní  
Kristín Rut, myndlistarkona á Egilsstöðum, sýndi 50 litlar olíumyndir sem var fylgt úr hlaði með þessum orðum: *Litirnir streyma yfir hvítan strigann / fullir af lífi og vekja hann úr dvala / líkt og vorregnið sem kemur með sunnanvindinum / leysir land og lýð úr fjötrum vetrar.*

**Guðný Marinósdóttir** (textíll - blönduð tækni) *Sveitalíf - Country Life* 21. júní - 17. júlí  
Guðný Marinósdóttir textíllistakona er ættuð að austan en býr á Akureyri. Verkin á sýningunni sýndu brot úr sögu um líf í sveit á Austurlandi á 20. öld.

**Alexandra Vassilikian** (ljósmyndir) *Umhverfis rótarhnyðju - Around a tree stump* 19. júlí - 25. ágúst  
Fransk-rúmenska listakonan Alexandra Vassilikian sýndi hluta úr stærra verkefna sem hún hefur unnið að frá árinu 2001. Á sýningunni voru ljósmyndir af rótarhnyðju sem hún hefur myndað árlega síðan þá og voru þessar myndir úr seríu frá 2008.

**Colette Kogol og Matthew Reese** (dans - vídeóverk) *ELta BLÖð* 28. ágúst - 20. okt.  
Dansparið Colette og Matthew dvöldu í Klaustrinu haustið 2012. Þá unnu þau dans-vídeóverk í haustlitum skógarins. Verkinu var varpað upp á vegg gallerísins.

**Corin Sworn / Dalziel + Scullion / Graham Fagen** (myndbandsverk) *Out of Place* 16. - 17. nóvember  
Frá menningarmiðstöðinni Timespan í Helmsdale í Norður-Skotlandi kom sýning á myndbandsverkum þessara þriggja Skota inn í dagskrá *Daga myrkurs* á Austurlandi.

## Aðrir viðburðir

Auk framantalinnar sýninga var eitt og annað á seyði á Skriðuklaustri þetta árið þó að viðburðum hafi áfram fækkað milli ára. Stofnunin kom hins vegar að viðburðum í Reykjavík, Berlín og Moskvu í samstarfi við aðra.

Hið gamla sagnaspil sem Gunnar mat mikils, lomber, er sem fyrr spilað á 3-4 vikna fresti yfir vetrarmánuðina. Þátttaka í lombernum var góð á árinu og náðist að fara í lomberslag við Húnvetninga í Eyjafirði í mars, venju samkvæmt. Þá hefur verið spilað á Egilsstöðum inn á milli til að auðvelda spilurum lengra að að taka þátt. Einnig var í samstarfi við lomberklúbbinn Tótus blásið til Vetrarbrautarmóts í lomber öðru sinni þann 9. nóvember.



Frá píslargöngu á föstudeginum langa.



Andri Snær Magnason les úr *Tímakistunni*.



Frá Vetrarbrautarmóti í lomber.

Á **Dögum myrkurs** kom Frances Davis frá menningarmiðstöðinni Timespan í Helmsdale í Norður-Skotlandi. Hún sýndi myndbandsverk þriggja skoskra listamanna og heimsótti m.a. Menntaskólann á Egilsstöðum auk þess sem hún fór á Seyðisfjörð. Gunnarsstofnun var gestgjafi hennar á Íslandi og fyrirhugað að taka upp samstarf við Timespan, m.a. vegna hliðstæðra verkefna á sviði fornleifa og margmiðlunartækni.

**Rithöfundalestin** renndi í hlað á Skriðuklaustri laugardaginn 30. nóvember í venjubundnu samstarfsverkefni Gunnarsstofnunar, Vopnfirðinga, Skaftfells á Seyðisfirði og Ungmennafélagsins Egils rauða á Norðfirði. Að þessu sinni tóku þátt: Vigdís Grímsdóttir, Sigríður Þorgrímsdóttir, Andri Snær Magnason, Bjarki Bjarnason og Jón Kalman Stefánsson. Gunnarsstofnun hafði umsjón með skipulagningu og fjármálum verkefnisins sem naut styrkja frá Alcoa-Fjarðaáli, Flugfélagi Íslands og Bílaleigu Akureyrar.

**Grýlugleði** í byrjun aðventu er fastur viðburður sem ávallt nýtur mikilla vinsælda. Ekki var brugðið út af vananum og sunnudaginn 1. desember mættu sagnálfar og gaulálfar auk þess sem hjónakornin birtust öllum til leiðinda og armæðu. Vegna veðurs og ófærðar var gaulálfurinn að þessu sinni í fjarsambandi sem vakti mikla lukku.

**Síðasti viðburður ársins** var líkt og undangengin átta ár upplestur á Aðventu á þriðja sunnudegi í aðventu, 15. desember. Sagan er lesin í heild sinni og opið hús fyrir þá sem vilja koma og njóta lestrarins og kyrrðarinnar. Að þessu sinni var Aðventa lesin á sama tíma í Gunnarshúsi í Reykjavík hjá Rithöfundasambandi Íslands. Lesari á Skriðuklaustri var að venju sá sami og las söguna fyrir Ríkisútvarpið sem jólasögu og var það að þessu sinni Svanhildur Óskarsdóttir, sem jafnframt er varamaður í stjórn Gunnarsstofnunar. En það var ekki nóg með að Aðventa væri lesin á Skriðuklaustri og í Reykjavík. Hún var lesin í Berlín í samvinnu við sendiráðið þar þann 1. desember af þýska leikaranum Matthias Scherwenikas og í Moskvu, einnig í samvinnu við sendiráðið, af rússneska leikaranum Veniamin Smekhov þann 14. desember.



Svanhildur Óskarsdóttir las *Aðventu* á Skriðuklaustri.

Aðsókn á viðburði á Skriðuklaustri var í góðu meðallagi árið 2013. Klausturreglufélagar voru duglegir að mæta og taka með sér gesti.

## Tónleikar

Lára Rúnars og hljómsveit - á Fljótsdalsdegi 18. ágúst

## Ýmsir viðburðir

Lomberkvöld á Bókakaffi	11. janúar
Lomberkvöld á Skriðuklaustri	1. febrúar
Lomberkvöld á Bókakaffi	22. febrúar
Lomberslagur í Eyjafirði	9. mars
Opnun á sýningu Sigurðar Ingólfssonar í galleríi	17. mars
Opnun á krossasýningu Jóns Geirs Ágústssonar	17. mars
Lomberkvöld á Bókakaffi	22. mars
Píslarganga föstudaginn langa – frá Valþjófsstað í Klaustur	29. mars
Lomberdagur á Fáskrúðsfirði til heiðurs 100 ára lomberfélaga	6. apríl
Lomberkvöld á Bókakaffi	26. apríl
Opnun á sýningunni Undir Klausturhæð	1. maí
Opnun á sýningu Joan Perlman í gallerí Klaustri	18. maí
Móttaka Margrétar sögu	18. maí
Opnun á sýningu Kristínar Rutar Eyjólfsdóttur í gallerí Klaustri	2. júní
Opnun á sýningu Guðnýjar Marinósdóttur í gallerí Klaustri	21. júní
Erindi Kristjáns Jóhanns Jónssonar um heimamenn og heimsborgara	4. júlí
Opnun á sýningu Alexöndru Vassilikian í gallerí Klaustri	19. júlí
Skriðuklausturshátíð og Fljótsdalsdagur	18. ágúst
Opnun á sýningu Colette og Matthews í gallerí Klaustri	28. ágúst
Litteratur och turism, norræna ráðstefna bókmenntasafna, Reykjavík og víðar	10.-13. september
Opnun ljósmyndasýningar í Moskvu - galleri Fotoloft í Winzavod	27. september
Kynning á rússneskri útgáfu Aðventu í galleri Fotoloft í Moskvu	27. september
Lomberkvöld á Bókakaffi	27. september
Lomberkvöld á Bókakaffi	18. október
Vetrarbrautarlombermót á Skriðuklaustri	9. nóvember
Out of Place myndbandsverk og fyrirlestur um Timespan	16.-17. nóvember
Lomberkvöld á Bókakaffi	22. nóvember
Rithöfundalestin á Klaustri	30. nóvember
Grýlugleði	1. desember
Aðventa lesin í Berlín á þýsku	1. desember
Lomberkvöld í Hlymsdölum	13. desember
Aðventa lesin í Moskvu á rússnesku	14. desember
Aðventa lesin í Reykjavík hjá RSÍ á Dyngjuvegi 8	15. desember
Aðventa lesin á Skriðuklaustri	15. desember



Lára Rúnars kom með hljómsveit sína og spilaði á Fljótsdalsdaginn.



Hér eru ekki taldir þeir viðburðir sem Klausturkaffi stendur fyrir, s.s. jólahlaðborð, sérstakir kvöldverðir, móttökur hópa eða lokuð einkasamkvæmi. Þeir gestir nutu að sjálfsgöðu þess að koma í hús skáldsins á Skriðuklaustri og læra aðeins um sögu Gunnars og staðarins um leið og þeir nutu góðra veitinga.





## Norræn ráðstefna bókmenntasafna

Gunnarsstofnun stóð ásamt Gljúfrasteini, Snorrastofu og Minjasafninu á Akureyri að skipulagningu norrænnar ráðstefnu bókmenntasafna dagana 10. - 13. september. Þetta var í annað sinn sem ráðstefna hins norræna netverks, sem Gunnarsstofnun kom inn í fyrir Íslands hönd árið 2001, var haldin hér á landi. Forstöðumaður Gunnarsstofnunar var í forsvari fyrir stýrihópnum sem vann að undirbúningi en Gestamóttakan var fengin til að halda utan um skráningar og bókanir fyrir gesti. Skúli Björn hefur einnig setið í hinni norrænu skipulagsnefnd netverksins allt frá 2002.

Ráðstefnan hófst í Gunnarshúsi í Reykjavík með móttöku Rithöfundasambandsins að kvöldi þriðjudags 10. september. Á miðvikudeginum var síðan opið málþing í Iðnó undir yfirskriftinni *Literary routes and roots*. Á því var aðalfrummælandi dr. Hans Christian Andersen, prófessor í markaðs- og ferðamálafræðum við háskólann í Northumbria. Einnig töluðu fulltrúar frá bókmenntasöfnum og -stöðum á Norðurlöndum. Eftir hádegið þann dag voru svo erindi undir höfuðtema ráðstefnunnar, *Bókmenntir og ferðaþjónusta*. Um kvöldið tóku ráðstefnugestir þátt í hátíðardagskrá Bókmenntahátíðar og PEN samtakanna, sem héldu sinn ársfund í Reykjavík í sömu viku. Á fimmtudeginum stóð til að halda norður á Akureyri. Sterk haustlægð kom í veg fyrir það og varð úr að halda upp á Gljúfrastein og í Reykholt eftir að hafa fengið inni í Háskóla Íslands og Þjóðminjasafninu með fyrirlestra og skoðunarferð fyrri hluta dags. Ráðstefnunni lauk því í Reykholti á föstudeginum og enduðu menn á að skoða Landsnámssetrið í Borgarnesi á leiðinni til baka til Reykjavíkur.

Ráðstefnugestir voru 28 talsins frá öllum Norðurlöndunum en á opna málþingið í Iðnó mættu um 80 manns. Vésteinn Ólason, stjórnarmaður hjá Gunnarsstofnun, tók að sér að stjórna málþinginu í forföllum Fríðu Bjarkar Ingvarsdóttur.

Ráðstefnan naut styrkja frá Letterstedtska Föreningen og Clara Lachmanns fond. Að öðru leyti var hún fjármögnuð með þátttökugjöldum og lítilsháttar stuðningi þeirra aðila sem að henni stóðu. Gunnarsstofnun heldur utan um vefsíðu ráðstefnunar og þar er hægt að nálgast fyrirlestra og ljósmyndir.



Frá kvöldstund í Gunnarshúsi í Reykjavík.



Opið málþing í Iðnó var vel sótt.



Þátttakendur ráðstefnunnar í Þjóðminjasafni.

## Samstarfsverkefni

Ferðamálin voru fyrirferðarmikil í samstarfsverkefnum ársins sem fyrri daginn. Ferðaklasi Upphéraðs, sem forstöðumaður hafði forgöngu um að stofna 2011, endurnýjaði bækling sinn. Hins vegar var hætt við að reyna frekar áætlanafærðir frá Egilsstöðum og samstarfsmátturinn settur í markaðsmálin með sérstaka áherslu á netið. Gott samstarf hefur verið í klasanum og er hugur í öllum að gera Upphérað að vinsælum áfangastað meðal ferðamanna.

Afsprengi þessa klasa er ÆSA-klasinn sem sinnir vetrarferðamennsku sérstaklega. Að þeim klasa koma nokkrir aðilar til viðbótar við Upphéraðsklasann. Árið 2013 var lokið við stutt en vandað kynningarmyndband og farið að nota það við markaðssetningu. Þá voru settar saman mislangar pakkaferðir og byrjað að kynna þær gegnum vef Austurfarar. Einnig var tekið á móti nokkrum ferðaskrifstofuhópum og blaðamönnum. Með stuðningi úr Vaxtarsamningi Austurlands var tekið upp og safnað efni til að nota til kynningar á sumrinu líka. Árangurinn af ÆSA starfinu er það góður að klasinn fékk hæsta styrkinn úr sjóðnum Ísland allt árið fyrir árið 2014, samtals 4 m.kr. Verða þær nýttar til að ljúka við þróunarvinnu á pakkaferðum og til markvissrar markaðssetningar á þeim.

Samstarf var við fleiri aðila vegna smærri verkefna.



## Stefna Gunnarsstofnunar 2013-2022

Markviss vinna að mótun stefnu Gunnarsstofnunar til næstu tíu ára hófst árið 2012 og henni lauk með undirritun stefnunar á desemberfundi stjórnar 2013. Forstöðumaður leiddi vinnuna með öflugu vinnuframlagi stjórnar og fleiri aðilar voru síðan fengnir til að rýna stefnudrög í lokin. Ekki hefur verið farið í róttæka stefnumótun síðan árið 1999 en þá var mótuð sú stefna sem starfað var eftir fyrstu árin. Síðan vann ráðherraskipuð nefnd greinargerð um framtíðarskipan mála á Skriðuklaustri árið 2006 og var hún ásamt endurskoðun á gömlu stefnunni það sem haft var að leiðarljósi þegar Gunnarsstofnun varð að sjálfeignarstofnun 1. janúar 2008. Það þótti því tímabært að vinna heildarstefnu með tilheyrandi áætlunum um aðgerðir og aðra mikilvæga þætti í starfseminni. Stefna Gunnarsstofnunar 2013-2022 er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar og hefur verið afhent mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna nýs samnings við ríkið.



## Framtíðarsýn og meginatriði stefnu

Stofnun Gunnars Gunnarssonar er sjálfseignarstofnun sem starfar skv. lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir með staðfesta skipulagsskrá. Í stjórn sitja fimm manns tilnefndir af stofnaðilum sem eru mennta- og menningarmála-ráðuneyti, Háskóli Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Þróunarfélag Austurlands (Austurbrú). Stjórn ræður forstöðumann sem annast daglegan rekstur en aðrir starfsmenn eru ráðnir til sumarstarfa og sérstakra verkefna eftir því sem fjárhagur leyfir og þörf krefur.

Gunnarsstofnun er menningarstofnun sem starfar í anda gjafabréfs Gunnars Gunnarssonar og Franziscu Gunnarsson frá árinu 1948. Aðsetur hennar er Skriðuklaustur í Fljótsdal og þar er hjarta starfseminnar. Því er mikilvægt að Skriðuklaustur sé virðulegur staður heim að sækja og vitni um þann stórhug sem hjónin sýndu með byggingu Gunnarshúss og gjöf sinni til íslensku þjóðarinnar.

Gunnarsstofnun á að vera til fyrirmyndar um öfluga menningarstarfsemi í dreifbýli sem laðar að sér tugþúsundir gesta og elur af sér aukna þekkingu á landi og þjóð. Leggja á metnað í margþætt starf á Austurlandi sem teygi anga sína víða með samstarfi við aðrar stofnanir, innlendar og erlendar, og sýna framsýni í hverju verki.

## Kjörorð Gunnarsstofnunar eru: **Metnaður – Framsýni – Samstarf**

### Hlutverk Gunnarsstofnunar er:

1. Að annast uppbyggingu og rekstur menningar- og fræðaseturs að Skriðuklaustri.
2. Að stunda fræðastarfsemi á sviði hugvísinda og leggja rækt við bókmenntir með áherslu á ritverk og ævi Gunnars Gunnarssonar.
3. Að reka dvalarstað fyrir lista- og fræðimenn og standa fyrir sýningum og öðrum listviðburðum.
4. Að stuðla að atvinnuþróun á Austurlandi og efla rannsóknir á austfirskum fræðum.
5. Að sinna alþjóðlegum menningartengslum og standa vörð um hugsjónir Gunnars.


### Meginstefnumið Gunnarsstofnunar næstu tíu árin eru þessi:

TIL ÞESS AÐ ...	VIÐHALDA STYRK:	BÆTA VEIKLEIKA:	MÆTA ÓGNUN:	NÝTA TÆKIFÆRI:
MUN GUNNARS-STOFNUN ...	<ul style="list-style-type: none"><li>• efla starfsemi</li><li>• styrkja ímynd</li><li>• vinna með GG</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• afla sérteknna</li><li>• tryggja framlög</li><li>• auka samstarf</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• hagræða í rekstri</li><li>• fjölga starfsfólki</li><li>• efla miðlun</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• þróa „vörur“</li><li>• sækja styrki</li><li>• stefna út á við</li></ul>

### 2017 – AÐ FIMM ÁRUM LIÐNUM HEFUR:

- ◆ velta stofnunarinnar aukist um 25% og fastráðnir heilsársstarfsmenn eru orðnir tveir
- ◆ gestum á staðnum fjölgað um 25% og minjagripasala vaxið um 50%
- ◆ heimildasafni og upplýsingaveitu um Gunnar verið komið í fastan farveg
- ◆ útgáfum og útgáfusamningum fjölgað, a.m.k. tvær nýjar bækur koma út á ári
- ◆ sýningum og viðburðum tengdum Gunnari fjölgað marktækt og ná til útlanda
- ◆ Gunnarsstofnun gerst aðili að alþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði tækniþróunar við miðlun menningararfleifðar, t.a.m. tengt klausturminjum og verkum Gunnars
- ◆ viðhaldi Gunnarshúss og umhverfis verið komið í fastar skorður hjá Fasteignum ríkisins
- ◆ viðbyggingaráætlun vegna Gunnarshúss verið unnin og samþykkt af hlutaðeigandi
- ◆ Skriðuklausturstorfan verið „þétt“ sem kjarnastaður fyrir ferðamenn með stígum, leiksvæðum og öðrum framkvæmdum skv. áætlun og skipulagi
- ◆ markviss vinna verið hafin samkvæmt stefnu um fræðastarf og rannsóknir
- ◆ sýnileiki Gunnarsstofnunar og Skriðuklausturs á netinu vaxið og rafrænu aðgengi að verkum Gunnars, verkefnahugmyndum og gagnasöfnun verið komið á

## Útgáfa og upplýsingagjöf



### Útgáfa


Gunnarsstofnun gaf lítið út árið 2013. Þó var vegna sýningarinnar í Moskvu gefið út lítið bókamerki með tilvitnun í Aðventu á íslensku, rússnesku og ensku sem dreift var á sýningunni í Winzavod galleríinu. Fréttabréfið Klausturpósturinn var sent rafrænt til flestra Klausturreglufélaga og kom út tvisvar sinnum á árinu. Að venju voru gerðar litlar sýningarskrár vegna sýninga í gallerí Klaustri.

### Heimasíða

Heimasíðu Skriðuklausturs var haldið við og settar inn nýjar fréttir og fleira á íslensku og ensku. Lífill vinna var samt lögð í hana. Einnig var Facebook síðu haldið úti fyrir Skriðuklaustur og reynt að halda áfram að auka sýnileikann í netheiminum. Engu að síður dró heldur úr umferð um heimasíðu Skriðuklausturs. Árið 2013 heimsótti síðuna 7.651 notandi á móti 8.710 notendum árið áður. Síðuheimsóknir voru skráðar 29.512 á móti 40.647 árið 2012 og, meðaltími hvers notanda inni á heimasíðunni var tvær mínútur og þrettán sekúndur sem telst ágætt. Heimsóknir voru 10.420 og af þeim komu 6.133 frá Íslandi sem er svipað og 2012, eða 59%. Bandaríkjamenn komu þar á eftir (10%), síðan Þjóðverjar (5%) og Bretar. 71% heimsókna voru nýjar heimsóknir en að meðaltali var farið 28 sinnum á dag inn á [www.skriduklaustur.is](http://www.skriduklaustur.is). Ljóst er að vaxandi þörf er fyrir því að breyta umsjónarkerfi síðunnar þannig að hún lagi sig að öllum spjalddölvutækjum og snjallsímum, en nú þegar eru meira en 10% notenda að skoða síðuna gegnum slík tæki.

### Almenn kynning

Kynningarefni síðustu ára, þ.e. plaköt til að hengja upp á helstu ferðamannastöðum og upplýsingabæklingur um staðinn, voru nýtt áfram og ekki endurnýjuð. Teiknarinn Hjálmar „kakali“ Baldursson var fenginn til að gera skemmtilega skýringarteikningu af Skriðuklausturstorfunni og var hún notuð á kynningarefni í póstkortastærð sem dreift er um Héraðið. Auglýst var í Safnabókinni, bæklingi Samtaka um söguferðaþjónustu, Around Iceland, hjá Ferðaþjónustu bænda og í Vegahandbókinni. Aðalauðlýsingamiðill fyrir Skriðuklaustur á Austurlandi er Dagskráin sem gefin er út vikulega og fer inn á öll heimili og fyrirtæki auk þess að vera dreift á Reykjavíkurlugvöll og fleiri staði. Í því riti eru alltaf birtar auglýsingar um viðburði. Útvarpsauglýsingar um fornleifarnar hljómuðu í auglýsingaherferð gegnum Samtök um söguferðaþjónustu og Klausturkaffi auglýsti staðinn einnig í útvarpi.




## Höfundarréttarmál

Samkomulag erfingja um vistun höfundarréttarins hjá Gunnarsstofnun gildir til 2017. Unnið var eftir útgáfuáætlun svo sem kostur var og hún uppfærð. Skrifað var undir samninga um tvær nýjar útgáfur á *Aðventu*, annars vegar á rússnesku og hins vegar á spænsku. *Aðventa* kom út á rússnesku hjá TEXT forlaginu í Moskvu í septemberlok en sú spænska er væntanleg árið 2014. Nánar segir frá rússneska verkefninu á öðrum stað í ársskýrslunni.

Reynt var að viðhalda sambandi við þá útgefendur sem rætt var við í Frankfurt 2011, s.s. í Danmörku, Ítalíu og Frakklandi. Engir samningar voru þó undirritaðir við þá aðila enda ríkir enn kreppa í bókabransanum í Evrópu.

Til stendur að hefja markvissa vinnu að rafrænni útgáfu á þeim verkum Gunnars sem ekki er talið líklegt að komi út á prenti að nýju. Vegna samdráttar var ekki unnið að því á árinu.



## Rússneska ævintýrið

Aðdraganda að rússneskri útgáfu á *Aðventu* Gunnars Gunnarssonar má rekja til ljósmyndaverkefnis sem Sigurjón Pétursson og Þóra Hrönn Njálsdóttir unnu í samvinnu við Gunnarsstofnun 2010 – 2011. Svarthvítar vetrarmyndir af söguþáttum *Aðventu*, innblásnar af texta Gunnars, voru þá

sýndar víða um land og gefnar út í bók á þremur tungumálum. Rússnesku sendiherrahjónin á Íslandi voru meðal þeirra sem sáu myndirnar og heilluðust. Þegar farið var að skipuleggja ýmsa viðburði í tengslum við 70 ára afmæli stjórnáttengsla milli Íslands og Rússlands varð úr að leita leiða til að fara með sýningu á myndum Sigurjóns til Moskvu. En þá lá líka ljóst fyrir að tilgangslítið yrði að sýna ljósmyndirnar ef að saga Gunnars um Fjalla-Bensa væri ekki til á rússnesku.

Í lok janúar 2013 var tekin ákvörðun um að Gunnarsstofnun kannaði möguleika á að koma *Aðventu* í þýðingu og útgáfu í Rússlandi. Samhliða því fór Sigurjón Pétursson í að leita að gallerí fyrir ljósmyndasýningu. Allt var þetta unnið í góðu samstarfi við rússneska sendiráðið og fleiri aðila eins og ODRI, vináttufélag Íslands og Rússlands í Moskvu. Einnig kom íslenska sendiráðið í Moskvu að verkefninu. En tíminn var skammur því að markið var sett á að opna sýningu í september eða október og þá þurfti bókinn einnig að vera komin út.

Forstöðumaður Gunnarsstofnunar tók að sér að leita uppi þýðanda og útgefanda og var það verk unnið í febrúar og mars með hjálp margra góða manna og tengiliða víða um lönd.

## Rússnesk þýðing og útgefandi

Verk Gunnars Gunnarssonar hafa fram til þessa ekki verið þýdd á rússnesku, utan 1-2 smásögur, svo vitað sé. Ekkert fordæmi var því fyrir útgáfu á verki eftir Gunnar á rússnesku né nokkur tengsl við þýðendur eða útgefendur. Gegnum tengslanet Gunnarsstofnunar var leitað að vænlegum þýðendum og varð niðurstaðan sú að fá tvo ólíka þýðendur sem hafa verið að þýða íslenskar bókmenntir til að skila inn prufuþýðingu á fyrstu blaðsíðum sögunnar. Þetta voru þær Olga Markelova og Tatjana Shenyavskaya. Rússneskumælandi einstaklingar og sérfræðingar voru síðan fengnir til að lesa þýðingarnar yfir og gefa sitt álit. Úr varð að ráða Tatjónu í að þýða söguna en Olga var ráðin til að þýða annað efni í verkefninu. Alevtina Druzina tók síðan að sér yfirlestur bókar.

Leit að útgefanda fór fram á sama tíma. Natasha Banke hjá ONKO agency í Stokkhólmi, sem Monica Gram umboðsmaður í Kaupmannahöfn benti á, gaf upplýsingar um tvö forlög sem hún mælti með. Annað þeirra, Corpus, er undirforlag eins stærsta rússneska bókaforlagsins en hitt sjálfstætt lítið forlag, Text. Jónas Tryggvason, sem hefur stundað viðskipti í Rússlandi um árabíl, var fenginn til að reyna að ná fundum með forsvarsmönnum þessara forlaga. Einnig var forstöðumaður Gunnarsstofnunar í sambandi við þá. Út úr þeim viðræðum kom höfnun hjá stóra forlaginu en litla forlagið var tilbúið til skoða verkefnið. Að lokum samdist forstöðumanni og Olgert Libkin, eiganda Text, um að forlagið gæfi Aðventu út gegn því að Gunnarsstofnun keypti hluta af fyrstu prentun til að lágmarka áhættu forlagsins. Jafnframt að ekki þyrfti að greiða höfundarlaun fyrr en 2014. Þessir samningar voru komnir í höfn í lok mars.

Gunnarsstofnun tók einnig að sér að aðstoða forlagið við að sækja um þýðingarstyrk til Bókmenntasjóðs og að greiða þýðanda það sem út af stæði af launum. Þá var einnig sett í samninginn að teikningar Gunnars yngri úr íslensku útgáfunni af Aðventu yrðu prentaðar í þeirri rússnesku án aukakostnaðar.

## Sýningarhluti verkefnisins

Á meðan Gunnarsstofnun stóð í að leita þýðanda og útgefanda leitaði Sigurjón Pétursson að góðu ljósmyndagallerí fyrir sýningu sína. Að lokum tókst að ná samningum við gallerí Fotoloft sem er í miðborg Moskvu, hluti af svokallaðri Winzavod menningarmiðstöð þar sem fjöldi gallería er saman í gamalli bruggverksmiðju. Það var mat allra að ekki hefði verið hægt að fá betri sýningarstað þar sem þúsundir gesta streyma um Winzavod í hverri viku og aðgangur er frír.

Bollaleggingar forstöðumanns og stjórnarformanns Gunnarsstofnunar með Sigurjóni leiddu til þess að

ákveðið var að til hliðar við ljósmyndasýninguna yrði lítil sýning um Gunnar Gunnarsson og Aðventu. Því var ákveðið að dusta rykið aftur af hugmyndum sem forstöðumaður hafði unnið með Birni G. Björnssyni sýningarhönnuði um farandsýningu um Gunnar vegna bókamessunnar í Frankfurt.

Niðurstaðan varðandi sýninguna var að nota sitthvorn renninginn fyrir kynningu á Gunnari annars vegar og Aðventu hins vegar. Jafnframt að búa til gagnvirka upplýsingasýningu fyrir spjaldtölvu sem gæti staðið með renningunum. Björn G. sá um að hanna renningana en forstöðumaður tók að sér gerð spjaldtölvuefnis. Allt þurfti þetta síðan að vera á rússnesku og var Olga Markelova fengin til að þýða textana sem forstöðumaður samdi.

## Opnun sýningar og kynning útgáfu

Tekin var ákvörðun um að keyra saman opnun sýningar í Fotoloft og kynningu á útgáfu Aðventu. Föstudagurinn 27. september varð fyrir valinu. Til þess að tryggja að umfjöllun yrði um bæði sýninguna og útgáfuna var ráðið fólk í



Lítil sýning um Gunnar og Aðventu var sett upp sem hluti af ljósmyndasýningunni.

Moskvu til að aðstoða við kynningarmálin. Það voru Dmitry Vasiliev og Svetlana Sinkler sem Gunnarsstofnun samdi við um að annast þau mál, en Dmitry kann íslensku eftir að hafa búið á Íslandi með foreldrum sínum sem störfuðu við rússneska sendiráðið. Þau reka lítið almannatengslafyrirtæki og tóku að sér að hafa umsjón með og boða til blaðamannafundar á undan opnuninni og fylgja eftir málum í fjölmiðlum í samstarfi við Text forlagið og Fotoloft.

Skemmst er frá að segja að kynningin tókst vel. Fulltrúar helstu blaða í Moskvu mættu og bókmenntamiðla, hátt í tuttugu manns. Umfjöllun var í samræmi við það og birtist næstu vikurnar í Moskvumiðlum.

Forstöðumaður samdi við kvikmyndagerðarfólk í Moskvu, sem hann átti greiða hjá, að koma og taka upp viðburðina gegn lágmarksgreiðslu. Unnið var með þau myndbrot í kynningu á verkefninu sem sýnd var í Kastljósi RUV nokkrum vikum eftir atburðinn.

Önnur kynning á verkefninu hér heima var sú að Sigurjón og Þóra Hrönn fengu ágæta grein í Morgunblaðinu sem birtist föstudaginn 27. sept. Jafnframt voru sendar fréttatilkynningar og ljósmyndir heim þann 27. sept. sem birtust í netmiðlum og víðar. Að sjálfsögðu voru síðan Facebook og heimasíða Skriðuklausturs notuð til kynningar.

Á sýningaropnunina komu yfir hundrað manns. Albert Jónsson, sendiherra Íslands í Rússlandi, opnaði sýninguna og sendiráðið kostaði veitingar. Hreinn Pálsson sendiráðsfulltrúi tók þátt í blaðamannafundinum og var tengiliður sendiráðsins í verkefninu. Gunnar Björn Gunnarsson stjórnarformaður og afkomandi skáldsins hélt ávarp og útgefandinn Olbert Libkin afhenti sendiherranum fyrsta eintakið af bókinni. Þá sagði Sigurjón Pétursson frá ljósmyndaverkefninu og Elena Barinova frá ODRI tók einnig til máls.

Kvöldið fyrir opnun var sérstök kynning fyrir félagi í ODRI þar sem Skúli Björn Gunnarsson og Sigurjón Pétursson voru með fyrirlestra um Gunnar Gunnarsson og ljósmyndaverkefnið. Á hana mættu um þrjátíu manns.

## Fjármögnun

Allan tímann meðan unnið var að undirbúningi var leitað að aðilum til að fjármagna verkefnið án árangurs. Það var ekki fyrr en náðist loksins samband við framkvæmdastjóra Actavis í Rússlandi gegnum Actavis í Hafnarfirði að styrkur fékkst upp á rúmar 1,6 m.kr. íslenskra króna. Forstöðumaður tók að sér að ná þessum styrk til landsins sem tók tvo mánuði frá því hann var samþykktur. Afla þurfti ýmissa vottorða og gera margar útgáfur af styrktarsamningnum, sem gerður var við Gunnarsstofnun, þar sem sérstakt fyrirtæki í Moskvu sér um öll styrktarmál fyrir Actavis. Vegna þess hve seint styrkurinn var samþykktur, viku fyrir sýningu, mátti heldur ekki gera Actavis eins hátt undir höfði og ella. Það varð því úr að Actavis lógóíð var aðeins sett á textaspjöldin sem komu fyrir neðan hverja mynd á sýningunni með tilvitnun í Aðventu sem og á bókamerki sem dreift var á sýningunni.



Sigurjón, Þóra Hrönn, Gunnar Björn og Skúli Björn glaðbeitt í útgáfuhópi og við opnun sýningar.



Íslenski sendiherrann Albert Jónsson ávarpar hófið.



Hr. Libkin afhendir sendiherranum fyrsta eintakið.



Frá blaðamannafundi um útgáfuna og sýninguna.



Fjöldmenn var í gallerí Fotoloft við opnunina.



Sigurjón Pétursson ljósmyndari í gallerí Fotoloft.

## Ferðalagið

Að ferðast til Rússlands þarfnast töluverðs undirbúnings. Til að fá vegabréfsáritun þurfti að fá formlegt boð frá lögaðila í Rússlandi til að bera ábyrgð á ferðalöngunum. Elena Barinova hjá ODRI sá um þau gögn en síðan var sótt um vegabréfsáritanir til rússneska sendiráðsins sem veitti þær án endurgjalds.

Í ferðina fóru Skúli Björn og Gunnar Björn frá Gunnarsstofnun og Sigurjón og Þóra Hrönn. Öll sýningargögn voru tekin með í farangri. Flogið var gegnum Kaupmannahöfn og lent í Moskvu aðfaranótt miðvikudagsins 25. september. Þá um morguninn var strax hafist handa við að skrúfa saman ramma og glerja myndirnar í galleríinu. Var því að mestu lokið upp úr hádegi þegar farið var á hótelið til að hvíla sig fyrir balletsýningu í Bolsojleikhúsinu sem ákveðið var að fara á um kvöldið.


Á fimmtudaginn var síðan tekið aftur til við sýninguna og henni komið endanlega fyrir í Fotoloft. Þá um kvöldið var svo tekið á móti ODRI fólki og haldnir fyrirlestrar. Olga Markelova og ungur stúdent túlkuðu yfir á rússnesku. Föstudagsmorguninn fór í ýmiskonar undirbúning fyrir blaðamannafund sem hófst eftir hádegið og síðan var opnunin í kjölfar hans seinnipartinn.

Laugardagurinn var nýttur til skoða Rauða torgið og ganga aðeins um miðborg Moskvu undir leiðsögn ungs háskólanema í tungumálum sem ODRI reddaði. Á sunnudaginn var haldið heim til Íslands að nýju.

## Prentgögn vegna verkefnisins

Í verkefni sem þessu þarf að nota ýmis prentgögn. Í upphafi var prentað yfirlit um verkefnið á ensku til að kynna það fyrir útgefendum og fleiri aðilum.

Fyrir sýninguna og útgáfuhófið var prentað útgáfuyfirlit um verk Gunnars, barmmerki fyrir fulltrúa verkefnisins, bókamerki til dreifingar og textaskilti undir myndirnar með tilvitnunum í Aðventu.



**GUNNAR GUNNARSSON**  
Advent (The Good Shepherd)

Russian Translation & Publication  
– project outlines –

The Institute of Gunnar Gunnarsson is seeking for a reliable publisher in Russia to publish "Advent", the classic novella by the famous Icelandic writer Gunnar Gunnarsson. There are time limits in the project because the publication has to be released in the beginning of October 2013 when there will be a celebration in Moscow related to 70 years anniversary of diplomatic relations between Iceland and Russia. The publication would be connected with a photo exhibition that is inspired by this timeless story which has been read by millions of people around the world for the last 77 years.

The Institute of Gunnar Gunnarsson can provide:

- \* Qualified translator & specialists to overlook the work
- \* Translation grant from the Icelandic Literature Fund
- \* Reasonable publication contract
- \* Illustrations from the writer's son
- \* PR-coverage in connection with the celebration
- \* Pre-sale to Icelandic companies based in Russia

**Inspired by a real character and a true story**  
Gunnar Gunnarsson laid the foundation for his most popular story, *Advent (The Good Shepherd)* with a short story, "Den gode Hyrde" published in 1931 in the Danish periodical *Litense*. The story was based on an account by Benedikt Sigrjónsson, known as Fjalla-Beni (Mountain Beni), of his adventures rounding up sheep from the uninhabited upland grazing areas east of Lake Mývatn in north Iceland.

**Several languages**  
The full story of *Advent* was first published in Leipzig in 1936, in the Reclam Universal Bibliothek series, entitled *Advent im Hochgebirge*, in the category *Meisternovellen*. The story was published in Danish in the autumn of 1937 and has now been published in at least 10 languages around the world, and invariably sold well. The largest print-run was in the USA, where it was a *Book of the Month* Club gift book in 1941, and sold in several hundred thousand copies.

**Million copies**  
*Advent* has continued to be reissued every few years by Reclam in Germany, since the end of World War II, over 400,000 copies have sold there. I.e., over 2000 copies in the year 2012. Thus it is probable that over a million copies of the book have been sold since it was originally published more than 70 years ago.





Illustration by Gunnar Gunnarsson jr.

**Project's timeline**



This beautiful story with its inspirational message is too spontaneously human, too universal in its truth to be capable of being dated... A drama of heroic endurance for all or any time.  
N.Y. Times Book Review, 1940



## Upplestur í desember

Upplestur á Aðventu í íslenska sendiráðinu í Moskvu er hliðarverkefni sem ákveðið var að ráðast í þegar ljóst var að viðbrögð við útgáfunni voru góð. Dmitry og Svetlana voru fengin til að finna leikara til að lesa söguna og sendiráðið tók að sér að leggja til húsnæði og veitingar fyrir viðburðinn. Ákveðið var að lesa söguna laugardaginn 14. desember í sendiráðinu að viðstöddum allt að 80 manns, þ. á m. fjölmiðlafólki.

Upphaflega var leikarinn Alexander Fillipenko búinn að taka verkið að sér en gat það síðan ekki vegna tímasetningar. Þá kom Veniamin Smekhov inn í hans stað. Smekhov þessi er mjög þekktur rússneskur leikari, fæddur 1940, og hefur leikið í fjölda kvikmynda og sviðsverka á langri ævi. Þar sem þetta verður í fyrsta sinn sem Aðventa er lesin í Moskvu var ákveðið að fá þekktan leikara til að vekja athygli á sögu Gunnars. Í framtíðinni verður hins vegar leitað til minna þekktra leikara að lesa en sendiherrann íslenski er búinn að samþykkja að koma á þessum árlega sið líkt og í Berlín.



Rússneski leikarinn Veniamin Smekhov les úr Aðventu í íslenska sendiráðinu í Moskvu í desember 2013.

## Niðurstaðan


Þetta verkefni hefur verið lærdómsríkt fyrir Gunnarsstofnun og aðstandendur þess. Sýnt hefur verið fram á kosti þess að vinna saman með ljósmyndasýningu Sigurjóns Péturssonar og Aðventu Gunnars til að vekja athygli á sögunni og ljósmyndunum. Lagt var í ýmsa vinnu og kostnað sem mun að vissu marki skila sér til baka, t.d. farandsýningin um Gunnar sem hægt er að snara á önnur tungumál. Ípad og standur undir hann nýtast áfram og þó að tryggja hafi þurft útgáfuna með því að kaupa 500 eintök af 1. prentun þá verður hægt að selja stærstan hluta þeirra eintaka aftur. Af viðbrögðum að dæma við sögu Gunnars um Benedikt og öræfaferðir hans á sagan fullt erindi við lesendur í Rússlandi. Undirstrikar það mikilvægi þess að nota þessa litlu bók en stóru, klassísku sögu til að kynna skáldið fyrir nýjum lesendum á nýjum tungumálum.

## Þjónustusamningar

Þjónustusamningur við Fljótsdalshrepp gildir til ársloka 2014. Sem fyrr nær hann til ákveðinnar þjónustu á sviði ferða- og menningarmála.

Gunnarsstofnun hélt áfram utan um einfalda ferðamannakönnun sem aðilar í ferðaþjónustuklasa Upphéraðs gátu lagt fyrir gesti. Könnunarblöðin voru færð inn í tölfraeðigrunn á vefnum og var það verk unnið af starfsmanni Gunnarsstofnunar.

Annað sem telst til verkefna sem stofnunin vann innan þessa samnings við Fljótsdalshrepp var Hengifossverkefnið sem Fljótsdalshreppur hefur fengið styrki til frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Stofnunin sá um að gera umsóknir og áfanga- og lokaskýrslur fyrir Ferðamálastofu. Þá vann stofnunin í október 2013 greinargerð um skipulag og framtíðarsýn vegna Hengifoss og dró saman það sem aðrir er að verkefninu koma hafa unnið. Í þeirri greinargerð er m.a. lögð fram 5 ára aðgerðaáætlun sem gerir ráð fyrir mikilli uppbyggingu á aðstöðu.



## Gestaíbúðin Klaustrið

Margar umsóknir bárust fyrir árið 2013 í Klaustrinu eða 74 og þar af átta frá Íslendingum. Árið bókaðist vel og var öllum vikum úthlutað. Óvenjumikil forföll urðu hins vegar á árinu og mynduðust skörð sem erfitt reyndist að fylla, sérstaklega seinnihluta ársins. Samtals voru ónýttir dagar í Klaustrinu því óvanalega margir eða um 16 vikur, fyrst og fremst yfir háveturinn.



Gestir Klaustursins þurftu ekki að greiða fyrir íbúðina og var séð fyrir ferðum til og frá Egilsstöðum eftir þörfum. Alls gistu 11 einstaklingar auk samstarfsmanna í Klaustrinu og unnu að verkefnum sínum árið 2013.

### Gestir Klaustursins og gestaherbergja 2013

<i>Delaney Nolan</i>	BNA	Rithöfundur
<i>Lane Ashfeldt</i>	Bretland	Rithöfundur
<i>Guðrún Vilmundardóttir</i>	Ísland	Þýðandi og útgáfustjóri hjá Bjarti
<i>Katariina Vuorinen</i>	Finnland	Ljóðskáld
<i>Harold Renisch</i>	Kanada	Rithöfundur
<i>Joan Perlman</i>	BNA	Myndlistarmaður
<i>Gunnar Andreas Kristinsson</i>	Ísland	Tónskáld
<i>Kristján Jóhann Jónsson</i>	Ísland	Fræðimaður
<i>Ragnheiður Ösp Sigurðard.</i>	Ísland	Vöruhönnuður
<i>Karl Ciesluk</i>	Kanada	Myndlistarmaður
<i>Marie-Andrée Gilbert</i>	Kanada	Myndlistarmaður

Auk þess gistu eftirtaldir nokkrar nætur í gestaherbergjum eða í íbúð vegna styttri verkefna:

<i>Steinunn Kristjánsdóttir</i>	Ísland	Fornleifafraeðingur
<i>Alexandra Vassilikian</i>	Frakkland	Myndlistarmaður
<i>Frances Davis</i>	Skotland	Frá listamiðstöðinni Timespan
<i>Elliot Brandsma</i>	BNA	Háskólanemi á Fullbright styrk



## Lóðarframkvæmdir, endurbætur og viðhald

Vegna mikils aðhalds í rekstri var aðeins brýnasta viðhaldi sinnt þar sem Gunnarsstofnun hefur fram til þessa þurft að taka fé til þess af rekstrarfé sínu. Engar lóðarframkvæmdir voru á árinu en að venju sá fyrirtækið Sólskógar um að setja niður sumarblóm og snyrta beð og runna í sumarbyrjun.

Gunnarsstofnun fékk 1,1 m.kr. framlag frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að bæta aðgengi að Gunnarshúsi og leggja stíg fyrir hjólastóla niður á útsýnispall við minjasvæði. Framkvæmdum var frestað til ársins 2014.



Í sumarhitunum 2013 var oft líf og fjör í sandkassanum.



Líkneski af heilagri Barböru var til sýnis á Skriðuklaustri 2013.

## Heimildasafn Gunnars Gunnarssonar

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur síðustu ár varðveitt bókasafn Gunnars sem fjölskyldan afhenti Árnastofnun á sínum tíma. Fyrir nokkrum árum urðu forsvarsmenn Gunnarsstofnunar og safnsins ásáttir um að rétt væri að koma þessum bókum, sem verið hafa til sýnis á Þjóðdeild Lbs-Hbs, austur í Skriðuklaustur og gera að hluta að heimildasafni Gunnars. Í nóvember 2013 voru bækurnar sendar austur svo að þær eru komnar aftur í Gunnarshús. Að öðru leyti hefur lítið breyst með heimildasafn skáldsins á árinu. Enn er nokkuð verk óunnið í að flokka, greina og skanna þýskar og danskar úrklippur og eftir að færa þau gögn sem þegar hafa verið skráð yfir í gagnagrunna Lbs-Hbs eins og ætlunin er til að búa til venslaðan gagnagrunn sem bætir aðgengi að öllum gögnum um skáldið og verk þess.

## Skriðuklaustursrannsóknir

Skriðuklaustursrannsóknir eru samstarfsfélag kringum fornleifarannsóknina á Skriðuklaustri. Aðild eiga Gunnarsstofnun, Minjasafn Austurlands, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðkirkjan. Forstöðumaður Gunnarsstofnunar hefur frá byrjun sinnt formennsku í þessu félagi og unnið náið með Steinunni Kristjánsdóttur að framgangi og fjármögnun rannsóknarinnar. Síðustu framlög til verkefnisins



Guðsþjónusta beggja síða var í rústum klausturkirkjunnar á Fljótsdalsdegi 2013 líkt og undanfarin ár. Sr. Lára G. Oddsdóttir og sr. David Tencer við athöfnina.

komu árið 2013 til að greiða fyrir framkvæmdir sem unnar voru sumarið 2012 áður en minjasvæðið á Skriðuklaustri var formlega opnað. Önnur starfsemi var ekki í félaginu utan þess að Steinunn vann eitt lítið verkefni sem tengist fornum ferðaleiðum frá Skriðuklaustri og suður yfir Vatnajökul. Það verkefni var styrkt af Hollvinum Vatnajökulspjöldgarðs. Unnið var að undirbúningi slita félagsins sem stefnt er að á vordögum 2014.

Gunnarsstofnun tók árið 2012 við umsjón með minjasvæðinu á Kirkjutúni og er í samskiptum við Minjastofnun Íslands vegna þess verkefnis. Forstöðumaður flutti erindi á alþjóðlegri ráðstefnu í fornleifafraði, Nordic TAG í apríl 2013. Fjallaði það um miðlun á menningararfínu og hvernig að því hefur verið staðið á Skriðuklaustri. Erindið mun einnig birtast sem grein í ráðstefnuriti. Í erindi sínu kom forstöðumaður inn á framtíðarsýn varðandi minjasvæðið á Skriðuklaustri, s.s. nýtingu snjalltækja á borð við spjaldtölvur og snjallsíma, við að miðla fróðleik um fortíðina til gesta. Í undirbúningi er samstarf við aðila hjá St. Andrews University í Skotlandi vegna þessa verkefnis.



Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Sigríður Sigmundsdóttir varaformaður stjórnar Gunnarsstofnunar undirrita skipulagsskrá hinn 16. apríl.

## Menningarsjóður Gunnarsstofnunar

Stórum áfanga var náð árið 2013 þegar Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar var stofnaður. Stjórnendur Gunnarsstofnunar hafa unnið að því verkefni í hátt í áratug til að tryggja stofnuninni sambærilegt bakland og sumar sambærilegar stofnanir erlendis hafa.

Skipulagsskrá Menningarsjóðs Gunnarsstofnar var staðfest 16. apríl 2013 á Skriðuklaustri með undirritun mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, og Sigríðar Sigmundsdóttur, varaformanns stjórnar Gunnarsstofnunar. Tilgangur menningarsjóðsins er tvíþættur: Annars vegar að renna stoðum undir starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri með árlegum framlögum til hennar; hins vegar að styðja rithöfunda, listamenn, fræðimenn og námsfólk til verka er samræmast fjölþættu hlutverki stofnunarinnar. Sjóðnum er því bæði ætlað að efla menningarstarf á Skriðuklaustri og styrkja ímynd Gunnarsstofnunar sem menningarstofnunar á landsvísu.

Stofnandi menningarsjóðsins er mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stofnframlag ríkisins er 43.412.013 kr. eða sem samsvarar þeim fallbótum sem Landsvirkjun greiddi íslenska ríkinu fyrir vatnsréttindi Skriðuklausturs við Jökulsá á Dal vegna lands Brattagerðis. Sjóðstjórn hefur árlega til ráðstöfunar vaxtatekjur af eignum sjóðsins að frádregnum verðbótum. Jafnframt hefur sjóðstjórn heimild til að verja allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga án þess þó að ganga á óskerðanlegan hluta sjóðsins sem er 10 m.kr.

Auglýst verður eftir umsóknum í menningarsjóðinn árlega í fjölmiðlum og úthlutað af sjálfstæðri stjórn eftir úthlutunarreglum sem stjórnin setur. Í stjórn sitja þrír og einn til vara. Stjórn Gunnarsstofnunar skipar tvo fulltrúa og varamann en mennta- og menningarmálaráðherra einn fulltrúa úr hópi afkomenda skáldsins.

Fulltrúar í fyrstu stjórn Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar eru: Helgi Gíslason formaður (Gst.), Gunnar Björn Gunnarsson ritari (Mmr.) og Sigríður Sigmundsdóttir meðstjórnandi (Gst.). Varamaður er Ingunn Snædal (Gst.).

Gert er ráð fyrir að dagleg umsýsla vegna umsókna og auglýsinga verði hjá Gunnarsstofnun. Áður en til úthlutunar kemur er ætlunin að safna enn frekari fjármunum í sjóðinn til að efla hann og hækka þá fjárhæð sem er til ráðstöfunar á hverju ári.



Endurgerð Árnastofnunar af Margrétar sögu handritinu verður varðveitt á Skriðuklaustri.



Heyskapurinn á þaki Gunnarshús vekur ætíð mikla athygli.



Á miðvikudögum vor og haust er færeyska fánanum flaggað með þeim íslenska.



## Félagsaðild Gunnarsstofnunar o.fl.

Gunnarsstofnun er aðili að Samtökum um söguferðaþjónustu (SSF). Forstöðumaður situr sem gjaldkeri í stjórn samtakanna og stýrði árið 2013 starfi vinnuhóps hjá SSF sem laut að því að víkka út starfsemi samtakanna. Ætlunin er að á næstu árum verði SSF að samtökum allrar söguferðaþjónustu í landinu, hvort sem hún varðar miðaldir, síðari aldir eða samtímann.

Markmiðið er að skapa þessari tegund ferðaþjónustu sameiginlegt afl til að ná betur eyrum ráðamanna og komast að borðinu við stefnumótun og markaðssetningu í ferðaþjónustu. Samtökin hafa verið með samning við ráðuneyti ferðamála síðustu árin.

Í tengslum við söguferðaþjónustu hefur Gunnarsstofnun aðstoðað Félag áhugamanna um Hrafnkels sögu Freysgoða og sögutengda ferðaþjónustu á Héraði vegna söguslóðaverkefnis þess félags. Lítið var framkvæmt á vegum þess félags árið 2013 en snjallsímaleiðsögn sem er aðgengileg sem app á netinu gegnum Locatify var töluvert notuð á svæðinu.

Forstöðumaður Gunnarsstofnunar aðstoðaði nokkra þáttagerðarmenn vegna vinnslu sjónvarpsefnis út af Lagarfljótsorminum. Hann gegnir enn formennsku í Ormsskríninu, félagi áhugamanna um arfleifð þessarar lifandi goðsagnar. Komið var fyrir nýju skilti á Ormsslóðum við Hrafnkelsstaði samhliða uppsetningu skiltis þar vegna söguslóða Hrafnkelssögu.



Gunnarsstofnun var aðili að Markaðstofu Austurlands og sat forstöðumaður sem stjórnarformaður þar frá 2005 til 2012. Þá var Markaðsstofan sameinuð Þekkingarneti, Þróunarfélagi og Menningarráði í stoðstofnuninni Austurbrú. Gunnarsstofnun hefur gert þjónustusamning við Austurbrú og telst þar með til hagsmunaaðila stofnunarinnar.

Forstöðumaður sat í undirbúningshópum fyrir stofnun Austurbrúar og var kjörinn til eins árs í stjórn hennar á stofnfundi í maí 2012. Frá aðalfundi í maí 2013 hefur hann setið í

starfsháttanefnd stofnunarinnar og gegnt þar formennsku. Forstöðumaður flutti fyrir hönd Austurbrúar erindi á ráðstefnunni Menningarlandið 2013 sem haldin var á Kirkjubæjarklaustri í apríl 2013. Þar fjallaði hann um sameiningu stoðstofnana og þau tækifæri sem hún ætti að færa fjórðungnum með þverfaglegri og sterkri stoðstofnun.

Forstöðumaður situr í svæðisráði Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs fyrir hönd ferðaþjónustu á Austurlandi og hefur gert frá stofnun þjóðgarðsins auk þess sem hann var í undirbúningsnefnd fyrir stofnun hans.

## Erlend samskipti

Gunnarsstofnun var í samskiptum við erlend bókaforlög og þýðendur á árinu vegna höfundarréttar. Önnur erlend samskipti voru vegna Aðventu-verkefnis og við Skota vegna fyrirhugaðs margmiðlunarverkefnis sem tengist miðlun á minjasvæði. Þá var forstöðumaður í forsvari fyrir ráðstefnu norræna bókmenntasafna sem fram fór á Íslandi að þessu sinni og sinni ýmsum erlendum samskiptum vegna þess verkefnis. Forstöðumaður og stjórnarformaður fóru til Rússlands vegna Aðventu-verkefnisins. Aðrar utanlandsferðir voru ekki farnar á vegum stofnunarinnar.

## Hugleiðing forstöðumanns

Hvert ár sem Gunnarsstofnun starfar er viðburðarríkt og eftirminnilegt. Dagleg starfsemi er söm við sig en alltaf eru ný verkefni á borði forstöðumanns sem þarf að takast á við. Ársins 2013 verður minnst fyrir Rússlands-ævintýrið sem kom skyndilega upp og þurfti að vinnast á skömmum tíma en tókst með miklum ágætum. Í því verkefni kom skýrt fram hversu árangursríkt það er að geta unnið með höfundarrétt skáldsins í samhengi við annað en útgáfuverkefni. Fastlega má búast við því að framhald verði á sambærilegum verkefnum þar sem ljósmyndasýningin *Aðventa á Fjöllum* verður sett í samhengi við útgáfu á þessu meistaraverki Gunnars.



Ljósmynd: Gunnar V. Andrésson.

Hvað rekstur varðar var árið 2013 aðhaldsár hjá Gunnarsstofnun og ef áætluð framlög frá opinberum aðilum hefðu staðist þá hefði tekist að rétta höfuðstól stofnunarinnar af að nýju. En þau brugðust og enn situr stofnunin uppi með kostnað vegna viðhalds og endurbóta á Gunnarshúsi sem orðið hefur að taka út úr rekstri sjálfseignarstofnunarinnar. Segja má að árið 2013 hafi þó tekist að opna augu eiganda Skriðuklausturs, íslenska ríkisins, fyrir því að þetta fyrirkomulag gengur ekki lengur og koma verður húsaskosti staðarins inn til Fasteigna ríkisins. Það er eina leiðin til þess að tryggja viðunandi viðhald og endurbætur á þessu einstaka húsi og öðrum fasteignum sem Gunnarsstofnun hefur umsjón með á staðnum. En til þess þarf auknar fjárveitingar frá ríkinu til að mæta leigugreiðslum til Fasteigna ríkisins. Það var von allra árið 2013 að þau mál kæmst í örugga höfn fyrir fjárlög 2014 en það tókst ekki.

Tvö stór skref voru stigin á árinu 2013. Stofnun Menningarsjóðs Gunnarsstofnunar var stór áfangi í því að tryggja framtíð og vöxt menningarstarfsemi á Skriðuklaustri til framtíðar. Með sjóðnum opnast möguleiki á að sækja tekjur fyrir sjálfstæðan sjóð sem síðan getur stutt við verkefni tengd og ótengd Gunnarsstofnun. Höfuðstóllinn sem ríkið lagði inn sem vatnsréttindafé af Skriðuklausturslandi er mikilvægur en ekki síður mikilvægt að sjóðsstjórnin nái að stækka sjóðinn á næstu árum til þess að úthlutanir hans skipti máli. Ef vel tekst til getur þessi sjóður orðið sá bakhjarl starfsemi á Skriðuklaustri sem stjórnendur Gunnarsstofnunar hafa látið sig dreyma um frá stofnun. Hann mun þó aldrei geta komið í stað opinberra fjárveitinga til starfseminnar og á ekki að fara í rekstur stofnunar eða húsa.

Hitt stóra skrefið sem Gunnarsstofnun steig á árinu var að setja sér stefnu til næstu tíu ára með viðhlítandi aðgerðaáætlun. Með stefnunni er skjalfest margt af því sem unnið hefur verið eftir frá upphafi hjá Gunnarsstofnun en einnig bætt við nýjum metnaðarfullum markmiðum og áföngum til að vinna að. Eitt brýnasta verkefni næstu missera er að gera stofnuninni kleift að bæta við sig öðrum heilsársstarfsmanni, því að eins og þessi ársskýrsla ber með sér þá er af nógu að taka fyrir fleiri en einn í starfi Gunnarsstofnunar. Þeim stefnumiðum sem nú hafa verið sett verður seint náð ef ekki tekst að afla tekna til að fjölga stöðugildum hjá stofnuninni og reynir þá á hvorutveggja, sértekjur og opinber framlög. En ef það tekst þá er framtíð Gunnarsstofnunar björt og hún mun dafna sem sterk menningarstofnun í sveit austur á landi með ótal tengingar og sambönd um víða veröld.

Skriðuklaustri 30. júní 2014

Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður